



Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Sauðárkróki
12.12.2024

Efni: Uppbygging atvinnuhúsnæðis í Búðardal

Byggðastofnun telur forsendur uppbygginga atvinnuhúsnæðis í landsbyggðunum víða erfiðar, en það aftrar blómlegri atvinnustarfsemi og þar með búsetugæðum á þessum svæðum.

Til að bregðast við þessari þróun hefur stjórn stofnunarinnar samþykkt tilraunaverkefni fjármagnað af eigin fé stofnunarinnar að hluta, allt að 150 m.kr. þar sem atvinnuhúsnæði væri reist í samstarfi við sveitarfélag og aðra haghafa á slíku svæði.

Byggðastofnun óskar eftir frekara samtali við Dalabyggð um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Búðardal, þ.m.t. um hlutverk og framlag sveitarfélagsins og stofnunarinnar til verkefnisins, könnun á markaðsbresti á svæðinu annars vegar og eftirspurn eftir slíku húsnæði hins vegar, lóðastaðsetningu, tímaramma o.s.frv.

Virðingarfyllt

fh. Byggðastofnunar

Arnar Már Elíasson, forstjóri